



**System/32**



## -“Einmenningstölva” í flokki IBM miðtölva -

Árið 1975 setur IBM á markaðinn nýja tölvu, **IBM System/32**, sem markar mikil tímamót.

Henni var svo lýst í grein í Morgunblaðinu 6. júlí 1975:

*Þessi nýja tölva er á stærð við meðalstórt skrifborð. Fyrir rúmum áratug fyllti slík tölva stórt herbergi. Á disklingi sem hægt er að lesa inn í tölvuna rúmast jafn miklar upplýsingar og á 3000 gataspjöldum. Fyrirferðarlitlir innbyggðir diskar tölvunnar geta verið frá 5 milljón stafa og allt að 9 milljón stafa. Prentari tölvunnar skrifar um 100 línur á mínútu. Stjórnandi tölvunnar vinnur við venjulegt vélritunarborð og fylgist með á litlum sjónvarpsskermi.*

Tímamótin fólust í því að nú var komin fram á sjónarsviðið tölva sem allflest fyirtæki réðu mjög auðveldlega við að fjárfesta í. Við þetta má segja að orðið hafi sprenging í fjölgun og notkun tölva hér á landi.

Hægt var að flytja hugbúnað frá **System/3** yfir á **System/32** með litlum breytingum.

**System/32** tölvurnar seldust í miklum mæli hér á landi og með tilkomu þeirra byggðist upp öflugur hugbúnaðariðnaður í landinu og fjöldi hugbúnaðarfyrirtækja var stofnaður.

Færa má rök fyrir því að **System/32** sé í raun einmenningstölva en vegna tengsla hennar við miðtölvudeild IBM er hún flokkuð sem miðtölva frekar en einmenningstölva.